Náttúrufræðistofnun

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12–14
105 REYKJAVÍ

Garðabær, 6. október 2026
Málsnúmer: 202609-0059
MH

Efni: Fyrirhuguð hólmagerð í Reykjavíkurtjörn

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar dags. 25. september 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um fyrirhugaðar framkvæmdir við gerð nýrra hólma í Reykjavíkurtjörn.

Framkvæmdin er hluti af LIFE Icewater verkefninu og miðar að því að bæta búsvæði fugla og annars lífríkis og stuðla að bættum vatnsgæðum. Gert er ráð fyrir þremur hólmum við núverandi litla hólma í suðvesturhluta Tjarnarinnar, samtals um 400 m^2 að flatarmáli, með grynningum á milli. Framkvæmdir eru áætlaðar veturinn 2026–2027.

Náttúrufræðistofnun tekur undir markmið um að bæta búsvæði í og við Tjörnina. Endurnýjun litla hólmans og fjölgun hólma geta skapað tækifæri til að bæta varp- og hvíldaraðstöðu fugla og auka fjölbreytni búsvæða. Við áframhaldandi hönnun þarf að tryggja að vistfræðileg markmið ráði útfærslu framkvæmdarinnar og að rask á núverandi lífríki verði sem minnst.

Náttúrufræðistofnun kemur eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Í kynningargögnum er gert ráð fyrir öflugri grjótvörn á þeirri hlið hólmanna sem snýr til norðurs. Stofnunin bendir á að við útfærslu hennar þarf sérstaklega að gæta þess að ekki myndist djúpar glufur milli steina þar sem andarungar geta fallið niður og lokast inni. Jafnframt þarf að tryggja greiðar uppgönguleiðir úr vatni fyrir unga.

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að við hönnun hólmanna verði gert ráð fyrir hentugri varpaðstöðu fyrir endur. Skoða ætti hvaða lausnir henta best aðstæðum, svo sem varpkassar, gróður sem veitir skjól eða aðrar útfærslur. Æskilegt er að skapa fjölbreytt gróðurfar sem veitir fuglum skjól en viðhalda jafnframt opnum flötum sem nýtast meðal annars kríum til varps.

Mikið hvannstóð er nú í hólmunum og þrengir að varpaðstöðu sumra tegunda, til dæmis kríu. Uppbyggingu hólmanna þarf því að fylgja markviss og regluleg gróðurstýring. Halda þarf aftur af útbreiðslu hvannar og annars hávaxins gróðurs þannig að fjölbreytt varpaðstaða haldist.

Í gögnunum er gert ráð fyrir girðingum vegna uppbyggingar gróðurs. Tryggja þarf að þær hindri ekki ferðir fugla og unga milli vatns og hólma eða skapi hættu á að fuglar festist.

Náttúrufræðistofnun tekur undir að framkvæmdir og rask fari fram að vetrarlagi, utan varptíma fugla. Mikilvægt er að ljúka raskandi framkvæmdum áður en varp hefst og lágmarka jafnframt truflun á fuglum sem nýta svæðið yfir veturinn.

Náttúrufræðistofnun telur að framkvæmdin geti bætt búsvæði við Tjörnina, verði tekið mið af framangreindum atriðum við lokahönnun og framkvæmd.

Smiðjuvöllum 28 | 300 Akranesi
natt.is | Sími 430 9000

Virðingarfyllst,



María Harðardóttir
Líffræðingur